

Undir stýri stóran hluta ævinnar

— Þegar ég var ungur strákur í sveit og eltist við rolluskjatur eða beljurassa, þá hugleiddi ég það aldrei, að mitt hlutskipti í lífinu

yrði að fást við bíla og véladót, það var í langt fjarri mér. En einhvern veginn æxlaðist það þannig, að undir stýri sat ég stóran hluta ævinnar, heldur Magnús áfram.

— Einhvern tímann á kreppuár-unum, ég man ekki nákvæmlega hvenær, hætti ég hjá Gardari og fór þá að vinna hitt og þetta, m.a. á Eyrinni. Svo komst ég yfir

vörubíl og var m.a. í vinnu hjá hernum við að keyra í flugvöllinn. Fyrsta fólksbílinn eignaðist ég svo 1942 að mig minnir. Hann var af Dodge-gerð, en skip, sem var á leið til Belgiu með 100 ósamsetta bíla, strandaði á Meðalfellssandi. Ég fór að keyra hjá BSR og vann við það þar til fyrir um 10 árum, að ég gat ekki keyrt lengur, en þá tók

sonur minn við. Ég átti alltaf Dodge, nema einu sinni Chrysler, þessir bílar voru hver öðrum betri.

Pössuðu ekki í kramið þegar kom að því að kjósa

Við gerum aðeins hlé á bílaum-ræðum, þó þær eigi greinilega hug hans allan, eða hér um bíl. Stjórn-málin hafa alltaf verið Magnúsi hugstæð og hann sat í fyrstu stjórn Málfundarfélagssins Óðins, en félagið var stofnað árið 1938.

— Pólitík, ég hef alltaf verið eitthvað að blanda mér í pólitík, alveg síðan ég kom til Reykja-víkur. Jón Þorláksson, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson voru mínir menn. Hinum megin voru svo sem góðir menn líka, eins og t.d. Jón Baldvinsson, en þeir pössuðu bara ekki í kramið hjá mér þegar kom að því að kjósa.

— Annars er þetta orðin tóm vitleysa hjá okkur þessi pen-ingamál, við ráðum ekkert við þetta orðið. Svo er hann Geir ekki nógu glúrin, Gunnar var hins vegar snidugur að skrapa þessu saman, þó þetta sé náttúrulega ekkert nema skrap hjá honum. Þessir menn hefðu átt að leysa sín mál innan flokksins, þetta eru jú

Hann var bara svolítið sér

Hátt í þrjá áratugi var Magnús leigubílstjóri hjá BSR og þeir eru eflaust margir, sem muna eftir honum undir stýri á einhverjum af Dodge-bílunum sínum. Hár og myndarlegur, orðinn grár fyrir hærum og þunnhærður með árunum, en með pípu í munnum og sixpensara á höfðinu. Af öllum þeim farþegum, sem Magnús ók er einn honum þó sérlega minnis-stæður, Jóhannes Kjarval, en hann verzlæði ævinlega við BSR og ferðaðist helzt ekki öðruvísi en á leigubíl eða þá gangandi. Einkum voru tveir bílstjórar í dálæti hjá listamanninum og annar þeirra var Magnús. Hann hefur greini-lega gaman af að rifja upp nokkr-ár sögur af samskiptum þeirra.

— Kjarval var mikill vinur minn, sjáðu bara allar þessar myndir, segir Magnús og bendir á stórar myndir og smáar á veggjum, teikningar og olíumálverk og heillaskeyti í stíl Kjarvals.

— Kjarval var svolítið skrytinn, en skemmtilegur þó hann væri stundum erfiður, því allt varð að vera eins og hann vildi sjálfur. Hann átti það til að fara á nærfötunum út í banka og allir héldu að hann væri vitlaus, en það var hann alls ekki. Hann var bara svolítið sér.

— Ég tók oft til hjá honum og einnig keypti ég oft handa honum í matinn. Hann hafði sérstakt dálæti á þorskhausum, lifur og krognum og þetta sauð hann sjálfur og þótti góður matur. Með þessu drakk hann mjólk, ábyggilega marga potta á dag.

— Ég keyrði Kjarval oft þegar hann fór út fyrir bæinn til að mála og þá að sjálfsögðu mjög oft til Þingvalla. Ég var alltaf látinn bíða meðan hann var að mála og vera langt í burtu svo ég truflaði hann ekki og sá líka um að stugga fólki frá svo það kæmi ekki nærri og truflaði meistaran. Þetta voru langir túrar margir; kannski 6—7 tímar, en alltaf stóð hann í skilum. Ef ekki samdægurs þá daginn eftir.

— Einu sinni fór hann austur að Heiðar bæ í Þingvallasveit til að mála, þetta var um vetur og kalt úti, örugglega 5—6 stiga frost. Eftir 4 tíma fór ég að hafa áhyggjur af kalli og bauð honum að koma inn í bilinn og fá sér kaffi. Hann sagðist skyldu þiggja kaffið, en aðeins mín vegna og alls ekki vegna þess að honum væri sjálfum kalt eða kaffivant.

— Hann kom inn í bilinn, en hafði ekki setið þar í margar mínútur, er hann sagðist ekki geta þetta. Hann æddi út úr bílnum, út í snjóinn, og jós mjöllinni síðan yfir sig. Það var ekki kuldinn í honum og svona var margt í honum.

— Kjarval gat helzt ekki það að sig annars staðar en í lækjar-sprænu uppi í Kjós. Þangað keyrði ég hann oft og þá var hann Guðbrandur í Áfenginu stundum með honum. Þarna böðuðu þeir sig í smáhyl undir bakka, ég beið á meðan og keyrði þá síðan aftur í bæinn. Það er gaman að hafa þekkt hann, segir Magnús og er greinilega ljúft að minnast meist-ara Kjarvals.


X X X

Við sláum botninn í þetta spjall okkar. Magnús var tvígiftur. Fyrri kona hans var Jónína Þorsteins-dóttir og giftust þau árið 1917, en hún lést árið 1938. Þau áttu þrjú börn, en aðeins Ingibjörg, gift Gunnari Ólafssyhi skólustjóra í Neskaupstað, er á lífi. Síðari konu sinni, Guðrúnu Sveinsdóttur, giftist Magnús árið 1945. Eiga þau þrjá syni, Steinar, stýrimann hjá Eimskip; Ólaf, bílstjóra hjá BSR; og Próst, sem er við nám í MR „og ætli hann verði ekki stúdent í vor, „örverpið“, eins og Magnús orðaði það sjálfur.



Vörubifreiðin af White-gerð við hús Gardars Gíslasonar og Magnús Ólafsson undir stýri. Myndin er af bílnum nokkurra ára tekin upp úr 1920 og er táknræn fyrir þessa tíma: bíllinn leysir hestvagninn af hólmi. Bifreiðin kostaði 8943.18 krónur í innkaupi með kostnaði, tollgjöld voru kr. 30.55, flutningsgjöld 407.35 krónur, ýmis vinna 100 krónur og váttrygging 256.68 krónur, sem var óvenju mikil, enda um stríðstryggingu að ræða. Bíllinn kom til landsins með Gullfossi 1. júlí 1918.

Magnús sýnir blaðamanni málverk, sem Kjarval skenkti honum á einni af mörgum ferðum þeirra.
Ljós. RAX.



Það eru „aðeins“ 72 ár á milli þeirra feðga og því örugglega ýmislegt, sem fadirinn hefur að sýna syni sínum í myndaalbúmi fjölskyldunnar. Magnús er 92 ára, en Þróstur tvítugur.

Jóla- og áramótakveðja frá meistara Kjarval til Magnúsar, sem keyrði listamanninn mikið: „Elskulegi vinur Magnús Ólafsson, Jól, Nýár, þökk gamlárinu. Jóh. S. Kjarval.“

þaðir ágætir menn og sjálfstæðismenn.

— Ég fékk mína pólitík, mína línu, þegar ég var 16 ára gamall árið 1905. Foreldrar mínir ráku þá greiðasölu og ég var sendur til Reykjavíkur að ná í brennivín og fleira. Ég kom þar að þar sem 40 kallar voru að deila við Hannes Hafstein út af símamálinu, en bændur höfðu fjölmennt til Reykjavíkur frá hálfhirtum tún-um sínum í miðjum heyðnum til að mótmæla símamálinu.

— Kallarnir voru illir og fullir og ætluðu að drepa Hannes Hafstein. Þegar hann hafði messað yfir þeim riðu þeir lúpulegir í burtu, hann var búinn að snúa þeim. Hannes Hafstein var mikill maður og ég óskaði mér þess, að ég gæti líkst honum, en þarna fékk ég alla vega mína línu, segir Magnús Ólafsson.

